

## 14. fundargerð stýrihóps um byggingu nýs íþróttahúss

9. júlí 2024 – fundarsalur í Ráðhúsi kl. 13:00 -

Mætt: Björgvin Erlendsson, Björgvin Óskar Sigurjónsson, Eyrún Fríða Árnadóttir og Þórgunnur Torfadóttir

Gestir fundarins: Gunnar Borgarsson og Össur Imsland frá ASK, Þórey Edda Elísdóttir verkfræðingur frá Verkís og frá sveitarfélaginu Sigurjón Andrésson, Bartek Andersson Kass, Brynja Dögg Ingólfadóttir, Gunnar Ingi Valgeirsson

Fundargerð ritaði: Þórgunnur Torfadóttir

### Dagskrá.

1. Gunnar Borgarsson fór yfir tvær útfærslur á mögulegri staðsetningu á íþróttahúsi. Hugmynd A er stakstæð bygging við Víkurbraut, hugmynd C er viðbygging við íþróttahús með tengingu við sundlaug. Í báðum tilfellum er verið að vinna með eins sal eins og kemur fram á minnisblaði sem fylgir þeim teikningum sem farið var yfir. Össur Imsland fór yfir teikningar í þrívídd. Umræður urðu um teikningarnar og margar spurningar komu fram.
2. Fundurinn var tekinn upp.
3. Óskað eftir því að gerðar yrðu meiri útfærslur á
  - a. Félagsrými í anddyri í tillögu A
  - b. Nánari útfærslur á þarfagreiningunni í bæði tillögu A og C. Í þarfagreiningunni er talað um mismunandi rými og óskað er eftir því að sjá betur hvort þau komast fyrir og þá hvar.
  - c. Gera vindgreiningu á svæðinu (ekki verstu dögnum) hvernig eru aðstæður á skólalóðinni og íþróttasvæðinu. Brynja sendi link á skýrslu frá Veðurstofunni um veðurathuganir á Suðurlandi. [Veðurathuganir á Suðurlandi by SASS - Issuu](#)
4. Fólk er þó á leið í sumarfrí núna og því mun lítið gerast fyrr en í ágúst.
5. Stýrihópurinn óskar eftir því að funda með Þóreyju Eddu og athuga hvort hún er reiðubúin að vera ráðgjafi og síðan verkefnastjóri í verkinu.